

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi rammahluta aðalskipulags í Vífilstaðalandi, íbúðarbyggð í Hnoðraholti, Garðabæ.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. nóvember 2023 breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. október 2023.

Breytingin tekur til rammahluta aðalskipulags í Vífilstaðalandi og felst í að íbúðum í Hnoðraholti innan íbúðarbyggðar 4.11 ÍB er fjölgað úr 200 í 236 og hámarkshæð verður fimm hæðir í stað fjögurra hæða. Innan íbúðarbyggðar 4.12 ÍB er íbúðum fjölgað úr allt að 170 í allt að 280 og hámarkshæð verður fjórar hæðir í stað þriggja hæða.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. nóvember 2023.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 23. nóvember 2023